

Fundur skólaráði 24.02.2016

Mætt: Hólmfríður, Svandís, Jóna Björg, Þorsteinn, Freyja og Jóhanna. Irena, Nanna og Bóas mættu ekki og boðuðu ekki varamenn.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar, flest af því sem talað var um að gera á síðasta fundi er komið í ferli. Vantar að athuga aftur skyndihjálpi fyrir nemendur. Auglýst eftir hollvinum en enginn hefur gefið sig fram í það. Spurning um að koma því til foreldrafélagsins að vera sá hvatningahópur sem til þarf og útdeila verkefnum í sambandi við hreyfingu eða hvatningu. Skólastjóri leggur þetta fyrir fund foreldrafélagsins. Ákveðið að stofna þá ekki hollvini.
2. Spurning var lögð fyrir fundinn var eftirfarandi:
Þurfum við í grunn- og leikskólanum að auka hreyfingu nemenda/hreyfifærni, líkamlega vellíðan og öryggi þeirra ásamt vitund um mikilvægi þessa? Umræðupunktur eru eftirfarandi:
 - a. Sennilega má helst auka vitundina hjá nemendum og foreldrum. Til dæmis í formi fyrirlesturs sem er opinn fyrir kennara og foreldra.
 - b. Tryggja að nemendur viti um hvert stefnir í lýðheilsuáttum þjóðarinnar til að þeir sjái tilgang í hreysti og líkamlegu heilbrigði.
 - c. Skólahreysti....mikilvægt að fara og horfa á það eykur meðvitund og áhuga þeirra
 - d. Fara oftar í sund, skólinn, en líka hvetja foreldra til að fara með krakkarnir (sér og saman)
 - e. Sund eftir skíðaferð en skoða þá að gera þannig ferð að tvöföldum degi
 - f. Fá til okkar danspar eða gestakennara til að sýna dans, til að tryggja fjölbreytileika og til að viðhalda áhuga nemenda fyri dansinum.
 - g. Senda hvatningu til hreppsnefndar eða ungmennafélagsins um að útbúa útipbrautabraut við gamla leikskólann, svo hægt sé að stunda líkamrækt utandyra.
 - h. Í sambandi við öryggi, gangstéttar lítið ruddar eða sandaðar- Skólastjóri skoðar það/ræðir við hreppsnefnd. Spurning um að nota flaghefil?
 - i. Skoða dekkjakurlið, og notkun á höllinni- í norðurstofunni eru plankar sem þarf að fjarlægja og sólbekkirir eru í vondri hæð til að hægt sé að nota rýmið.
 - j. Umræða um rólur og leiktæki fyrir nemendur og samfélagið, væru foreldrar til í að leggja til vinnu?
3. Skoða að binda vottu ípróttum hjá eldri og að hluti af félagsmálum sé bundinn hreyfingu/ útiveru á næsta skólaári.

Rætt um útiveru nemenda eftir skóla og tilhneigingu til kyrrsetu eftir því sem þau verða eldri

Fundi slitið 18:30